

Ed.

225. Lög

um aukatekjur rikissjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

1. kafli.

Um dómsmálagjöld.

1. gr.

Fyrir stefnu skal gjalda 2 krónur, þegar málsaðili, í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil, beiðist þess, að stefna verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr.

Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 4 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir gerðir þær, er um getur í 7., 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832. Fyrir frest í dómsmáli skal gjalda 2 krónur.

3. gr.

Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 8 krónur, um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir skriflega frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15.

ágúst 1832, skal greiða sama gjald. Fyrir að kveða upp úrskurð meðan á rekstri máls stendur skal gjalda 4 krónur fyrir hvern úrskurð.

4. gr.

Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli, og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2. gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr.

Fyrir vitnaleiðslu skal gjalda 2 krónur fyrir hvert vitni. Sama gjald skal greiða fyrir gagnspurningar. Fyrir eiðfesting vitnis skal gjalda 2 krónur.

6. gr.

Fyrir að kveðja menn í rjetti til skoðunargerðar eða annara slíkra gerða skal gjalda 1 kr. fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting matsmanna, svo og fyrir sjerhverja aðra eiðfestingu, nema um vitni sje að ræða.

Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fje ómyndugra, og þegar eiðfesta skal menn þessa.

7. gr.

Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meira en 100 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.–6. gr.

8. gr.

Fyrir að staðfesta og innsigla rjettargerðir eða önnur eftirrit, sem út eru gefin í gerðarformi, skal gjalda 1 krónu fyrir hvert.

9. gr.

Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 4 krónur alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í hjerði.

Í öðrum einkalögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10. gr.

Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefir verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir rjettinum, skal sá, er þess beiðist, greiða 1 kr., auk gjalds þess, er getur um í 2. gr., fyrstu málsgrein.

11. gr.

Um rjettargjöld í hæstarjetti fer eftir lögum nr. 22, 6. okt. 1919.

12. gr.

Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin rjettargjöld greiða,

en i gjafsóknarmálum skulu rjettargjöld þau, er gjafsóknarhafi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann er skyldaður með dómi til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 16. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, skal engin rjettargjöld greiða í hjerði.

13. gr.

Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun frá druknun, skal álita sem opinber mál, en venjulega skulu þær fara fram á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður risi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kafli.

Um gjöld fyrir sógetagerðir.

14. gr.

Fyrir kyrsetningargerð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks- eða löggeymslugerð, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eig. að eins lausafje og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárrjettindi, sem greinir um í 3. kapitula laga 4. nóv. 1887, um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gerðarinnar er beiðst fyrir, eins og hjer segir:

Þegar fjárhæðin er	50 kr.	eða minni	2 kr.
— — — frá 50 —	—	til 100 kr.	4 —
— — — — 100 —	—	— 200 kr.	6 —
— — — — 200 —	—	— 400 kr.	8 —
— — — — 400 —	—	— 600 kr.	10 —
— — — — 600 —	—	— 800 kr.	12 —
— — — — 800 —	—	— 1000 kr.	14 —

og síðan tvær krónur í viðbót fyrir hvert þúsund af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

15. gr.

Fyrir að kyrsetja mann skal gjalda 20 krónur; sjeu fjármunir jafnframt kyrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 14. gr.

16. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglesnum veðskuldabrfjetum (og þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga nr. 29, 16. desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dóminum, sáttinni eða veðskulda- brfjetinu hjá fleirum en einum, skal gerð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gerðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sam-

eign, er fjárnám er gert í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, sjeu eigi allir á sama stað.

17. gr.

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir 14. gr., þegar tjeð með henni er laust látið, en eftir 15. gr., sje kyrsetning manns með henni niður feld.

18. gr.

Fyrir rannsókn, sem haldin er eftir beiðni sjerstakra manna, skal gjalda 4 krónur.

19. gr.

Fyrir útburð manns af jörð eða úr húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 10 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógætagerðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr.

Fyrir skoðun á líkamsáverka, eftir beiðni einstakra manna, skal gjalda 4 krónur. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr.

Þegar hreppstjóri heldur fógætagerðir, skal fara eftir lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, 2. gr., og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrirfram, skal greiða fógæta það áður en hann byrjar gerðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gerðarbeiðnin sje kölluð aftur, eða fógæti neiti að fremja gerðina, nema svo sje, að hærra gjald hafi greitt verið fyrirfram fyrir gerðina en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr.

Í gíafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúp barni, foreldri sínu eða konu, er hann hefir slitið samvistum við eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða rjettargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sje kröfu gerðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum, eftir ráðstöfun hins opinbera, skal engin gjöld greiða.

3. kafli.

Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr.

Fyrir að þinglesa afsalsbrjef, veðskuldabryfel, fjárnámsgerð, skiftabryfel eða önnur skjöl, sem þinglesin eru, svo sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja haft á fasteignir, og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja haft á lausafje, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hjer segir:

Pegar fjárhæðin er kr. 100 eða minni	kr. 1,00
— — - frá kr. 100 til 500	— 2,00
— — - — 500 - 1000	— 3,00

og sje fjárhæðin meiri, skal gjalda 1 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund, sem fram yfir er.

Pegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 12 kr.; þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stotnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka það fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðrum aorum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eftir almennum reglum.

Nú er árlegt atgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum stærri fjárhæð, en sje atgjaldið áskilið æfilangt, skal gjaldið að eins talið af fimmfaldri fjárhæðinni; sje ártal tiltekið, skal atgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af atgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sje greitt andvirði, eða henni makaskift gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

25. gr.

Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða haft á fasteignum eða lausafje, skal gjalda 3 kr. Sjeu þess konar skjöl þinglesin við hæstarjett, skal gjalda 6 kr.

26. gr.

Pegar þinglesa skal heimildarskjal eða brjef um haft á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður lita eftir því, hvort útgefandi þess hefir sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálman finst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildarbrest hans eða um hið áður lesna heftingarbrjef, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 2 kr., og aldrei meira en 6 kr.; þegar

fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gera hana.

27. gr.

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbrjefabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabryfið, skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 2 kr., og eigi meira en 12 kr.; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbrjefabókunum um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni liggja, og skal hann gjalda fyrir það 3 kr.

Vottorð þau, er stjórn Landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr.

Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hina fyrstu þinglýsing, en fyrir hinar síðari hálf gjald fyrir hverja. — Fyrir skjöl, er þinglesin eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

30. gr.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriftargerðum þeim á eignum þurfalinga og stjórnarráðsúrskurðum um svifingu á fjárforræði þeirra, sem greinir um í 56. og 57. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905. Eigi greiðist heldur gjald fyrir þinglestur úrskurða um svifingu sjálfræðis eða fjárræðis, nje fyrir aflýsing slíkra úrskurða.

4. kafli.

Um skiftagjöld.

31. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiftaráðandi eða skiftaforstjóri án dómsvalds fer með og lýkur skiftum í, skal greiða í skiftagjöld 2% af öllum eignum búans, án tillits til skulda, er á því liggja.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 100 kr., að frádragnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:

Þegar eigur búsins eru eigi meiri en 1000 kr. ... 4 kr.

Sju þær meiri en 1000 kr. 8 —

33. gr.

Nú tekur skiftaráðandi bú til skiftameðferðar, en framselur það síðar erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiftafundi, helming, ef það fer fram seinna, en þó ekki síðar en á fyrsta skiftafundi eftir að innköllunarfræsturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram en nú var sagt, en þó áður en húið er tekið til fullnaðarskifta.

34. gr.

Þá er skiftaráðendur eða skiftaforstjórar lúka skiftum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiftalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sje rjett talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskifta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eftir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar fræstur þessi er á enda, að þeir hafi enn eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiftaráðandi veitt þeim frekari fræst á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, sju þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiftalaganna skyldir til að láta skiftaráðanda í tje skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda að drengskap viðlögðum, yfir eigur búsins og skuldir, og má dagsektum beita, komi þeir eigi með hana. Hið sama er, þegar bú hefir verið tekið til opinberrar skiftameðferðar, en er framselt því hjóna, er eftir lifir, til þess að sitja í óskiftu húi. Nú hefir einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu, á móti betri vitund, landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefir verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kafli.

Um gjöld fyrir uppboðsgerðir.

35. gr.

Almenn uppboðslaun, er ávalt skal greiða, nema þar sem eftirfarandi greinar veita heimild til annars, eru 5 af hundraði.

36. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo og þilskip — sju þau eigi ósjófær — hlutabryf, skuldabryf og aðrar

skuldakröfur, leigumálarjettur og önnur þess konar rjettindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af fyrstu 10000 kr.	2 ¹ / ₂ %
- fjárhæð yfir 10000 kr. til 20000 kr.	2 -
- — — 20000 — — 100000 —	1 ¹ / ₂ -
- — sem er meiri en 100000 —	1 -

Þegar leigumálarjettur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr.

Nú eru verslunarvörur seldar við uppboð, og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af fjárhæð þeirri, sem uppboðið nemur meira en 1000 kr., en af fyrstu 1000 kr. skal ætíð greiða fullt gjald eftir 35. gr., ákveðin eins og hjer segir:

af fjárhæð frá 1000 kr. til fullra 2000 kr.	4%
- — meiri en 2000 kr. til fullra 5000 kr. ...	3 -
- — meiri en 5000 kr. til fullra 10000 kr. ...	2%
- — sem nemur meira en 10000 kr.	1 -

38. gr.

Þegar þess er krafist, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eftir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gera, ef unt er, 8 dögum áður uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið er birt nema í kaupstað þeim eða hreppi, er halda á það í, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleiri næstu hreppum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðsauglýsingunum er úthýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sje eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeigenda í þessum atriðum, eða sjeu þeir á skiftum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og hafa tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 4 kr.

39. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 36. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 10 krónur fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sjerstakan hlut í einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 20 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

40. gr.

Fyrir uppboð á eftirlátunum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða,

og eigi heldur, þegar Landsbankinn lætur þjóna sína selja við uppboð verðbrjef þau og annað, er hann hefir fengið að handveði.

41. gr.

Þegar hreppstjórar halda uppboð, í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eftir ákvæðum í lögum nr. 64, 14. nóv. 1917.

42. gr.

Fyrir að gefa út afsalsbrjef fyrir fasteign, er seld hefir verið við uppboð, skal gjalda 6 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2000 kr., 10 kr. ef það er meira en 2000 kr. og fer þó eigi fram úr 6000 kr., en 15 kr., ef það fer þar fram úr.

43. gr.

Nú hefir uppboðs beiðst verið hjá uppboðshaldara og sjeð hefir verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aftur, og skal þá að eins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 38. gr.; en sje beiðnin eigi kölluð aftur fyr en bú-ið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 10 kr., eins og fyrir árangurslaust uppboð.

44. gr.

Fyrir undirboðsþing skal greiða 10 kr. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., í sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, 33. gr., lögum 8. október 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 26. gr., lögum 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, 26. gr., lögum 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 24. gr., lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 28. gr., lögum 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 28. gr., og lögum 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 27. gr.

45. gr.

Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gæta, ef svo ber undir, að kaupanda verður gert að skyldu að greiða hann, að hann sje þá skóðaður svo sem viðbót við boð þau, sem gerð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu, að viðbættum þessum kostnaði.

6. kafli.

Um nórtalgjöld.

46. gr.

Fyrir afsögn á víxli, er nórtarius gerir fyrir samþykkisbrest eða greiðslu-fall, skal gjalda eins og hjer segir:

Þegar víxillinn nemur 500 kr. eða minni fjárhæð 4 kr.

— — — meira en 500 kr., alt að 1000 kr. 6 —

og svo einni krónu hærra fyrir hvert þúsund upp í 10000 kr., og er þá gjaldið 15 kr., enda hækkar ekki úr því.

Gjald þetta skal greiða, ef gerðin hefir verið byrjuð, enda þótt gerðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta. Auk þess greiðir gerðarbeiðandi lögboðið gjald fyrir eftirrit af afsagnargerðinni.

47. gr.

Fyrir aðrar afsagnargerðir, svarkröfur, stefnubirting, er notarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gerðir, skal gjalda 6 kr.

Nú skal framkvæma einhverja af gerðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 46. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fult gjald á hinum fyrsta stað, en að eins 2 kr. fyrir hvern hinna staðanna, sem gerðin fer fram á eftir kröfu gerðarbeiðanda.

48. gr.

Fyrir að bera eftirrit saman við frumritið og staðfesta það, skal gjalda 1 kr. fyrir hverja örku eða minna, sem eftirritið nemur, þegar það er ritað eins og að lögum á að vera.

49. gr.

Þegar gerður er samningur, arfleidsluskra, umbodsskjal eða aðrir þess konar gerningar fyrir notarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það notarial-vottorð í lögsmætu formi, skal gjalda fyrir það 4 kr.

50. gr.

Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipskaðabætur, skal gjalda 20 kr.

7. kafli.

Um gjöld fyrir úms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

51. gr.

Fyrir að gefa út vegabréf skal gjalda 2 kr. fyrir hvern þann, er vegabréfið hljóðar um, en 8 kr., sje ferðinni heitið til útlanda.

52. gr.

Fyrir skipstjóraskirteini skal gjalda 20 kr., fyrir stýrimannsskirteini 10 kr. og sveinsbréf 5 kr.

53. gr.

Fyrir að löggilda og setja innsigli á verslunarbók skal gjalda 10 kr., en fyrir að löggilda viðskiftabók 1 kr., hvort sem hún er stór eða lítil.

54. gr.

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $\frac{1}{2}$ smálest, eða þar yfir, her að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $\frac{1}{2}$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinn fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á, til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta lólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og sem koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. gjald af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 50 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

55. gr.

Fyrir að mæla skip, samkvæmt tilskipun 25. júní 1869, skal gjalda:

- a) Þegar mælingin fer fram eftir fullkomnari aðferðinni, og hefir þó eigi verið við höndina eldra mælingarbrjef, er út hefir verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri fyrir mælum..... 40 aura
 - b) ætíð endranær 20 —
- fyrir hverja smálest skipsins eftir hinu nýja mælingarbrjefi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20. gr. laga 28. nóv. 1919, um skrásetning skipa, skal gjalda 4 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er skýringa um.

56. gr.

Fyrir eftirlit lögreglustjóra með útflutningum, samkvæmt lögum nr. 3, 14. jan. 1876, skal gjalda 40 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

57. gr.

Fyrir að löggilda leiðarbók skal gjalda 8 kr., ef rúm í skipi er meira en 100 smálestir; ella 4 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 43. gr. siglingalaga, 30. nóv. 1914, í leiðarbækur skipa.

58. gr.

Fyrir lögskráning skipshafnar og afskráning skal gjalda 25 au. fyrir hvern mann, er lögskráður er eða afskráður.

59. gr.

Fyrir sjóferðapróf það, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd, 14. jan. 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 25 kr.

60. gr.

Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðfluttra vinfanga, sem ræðir um í tollögum, skal gjalda 4 kr.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í sömu lögum, um að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki en á land eru fluttir.

61. gr.

Fyrir að kveðja menn utan rjettar til skoðunar, eða annara slíkra gerða, skal gjalda 1 kr. fyrir hvern þann, er kvaddur er.

62. gr.

Fyrir að gefa út leyfisbrjef til lausamensku eftir lögum nr. 60, 22. nóv. 1907, skal gjalda 4 kr.

63. gr.

Fyrir að gefa saman hjón í borgaralegt hjónaband skal greiða 10 kr., og auk þess 1 kr. fyrir eftirrit af athöfninni.

64. gr.

Fyrir vottorð um, hvaðan vörur sjeu, fyrir áritun á vöruskoðunarvottorð, og fyrir önnur þess konar vottorð, er einstakir menn æskja í verslunar- og atvinnumálum, svo og fyrir áritun í embættisnafni skal gjalda 2 kr., að svo miklu leyti sem eigi er í þessum lögum ákveðið sjerstakt gjald fyrir embættisverkið, eða það, eftir öðrum lögum, á að vera ókeypis.

8. kafli.

Almenn fyrirmæli.

65. gr.

Á öll þau skjöl, sem eitthvað er goldið fyrir að gefa út eða rita á, eða snerta embættisgerðir, sem hefir verið greitt fyrir eftir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum til rikissjóðs, allt að 100 kr.

66. gr.

Allir embættismenn, sem heimta inn aukatekjur fyrir rikissjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók. Skal dagbók þessi vera löggilt af stjórnarráð-

inu, og skal sá, er af þess hálfu rannsakar embættisfærslu valdsmanna, sjerstaklega rannsaka hana og rita um það vottorð i bókina og gefa þess nákvæmar gætur, hvort hún sje rjett rituð og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

67. gr.

Lög 11. júli 1911, um aukatekjur landssjóðs, og lög nr. 32, 28. nóv. 1919, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

68. gr.

Lög þess oðlast gildi 1. janúar 1922.